

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála**  
**í máli nr. 6/2019**

**Kæra á ákvörðun PFS nr. 21/2019, tengdir þræðir aftengdir í fjarskiptainntaki og brot á tilkynningarskyldu.**

**I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Með kæru, dags. 10. nóvember 2019, hefur Míla ehf. (kærandi), kært ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), nr. 21/2019, frá 14. október 2019, tengdir þræðir aftengdir í fjarskiptainntaki og brot á tilkynningarskyldu.

Aðilar málsins við málsmeðferð hjá PFS voru kærandi og Gagnaveita Reykjavíkur (GR). Aðilar að kærumáli þessu eru kærandi, Gagnaveita Reykjavíkur og PFS.

Ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar eru í 4 liðum, og krefst kærandi þess að 3. töluliður hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar húseignina að [...], Hafnarfirði, verði felldur úr gildi.

Efni 3. töluliðar ákvörðunarorðanna er svohljóðandi:

*Míla ehf. braut gegn 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018, við framkvæmd tenginga að: [...], Reykjavík, [...], Hafnarfirði, [...], Hafnarfirði, [...], Hafnarfirði, [...], Kópavogi, [...], Reykjavík, [...], Hafnarfirði og [...], Kópavogi.*

PFS gerir þá kröfu að 3. töluliður ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar húseignina að [...], Hafnarfirði, verði staðfestur.

GR gerir þá kröfu að kröfum kæranda verði hafnað.

**II. Helstu málsatvik**

Hinn 13. maí 2019 barst PFS kvörtun frá GR, þar sem kvartað var yfir háttsemi kæranda við tengingar í fjölda fasteigna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Akranesi. Annars vegar kvartaði GR yfir því að kærandi hafi aftengt splæsítengingu GR til að tengja sig við ljósleiðarabráð sem GR hafi nýtt, frekar en að nota aukabráðinn sem hafi verið ónotaður og í því hafi falist brot gegn 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018. Hins vegar kvartaði GR yfir því að kærandi hafi ekki tilkynnt GR um aftengingu og í því hafi falist brot gegn 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018.

Hinn 10. september 2019 boðaði PFS fyrirhugaða niðurstöðu um afmarkaðan hluta málsins, þ.e.a.s. um þann þátt kvörtunarinnar um að kærandi hafi aftengt tengda þræði í stað þess að nota lausa aukabráði innanhússfjarskiptalagnar, sbr. 4. mgr. 7. gr. reglna um

innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018. Hinn 14. október 2019 tók PFS svo hina kærðu ákvörðun.

### III. Helstu sjónarmið aðila

#### 1.

Kærandi krefst þess að 3. töluliður hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar húseignina [...], Hafnarfirði, verði felldur úr gildi.

Tekur kærandi fram að óumdeilt sé að við tengingu ljósleiðaraþráðar í húseigninni að [...] í Hafnarfirði hafi laus þráður sem GR hafi komið fyrir við splæsítengingu heimtaugar ekki verið nýttur heldur hafi innanhússlögn húseiganda verið aftengd frá inntaki GR, þ.e.a.s. að klippt hafi verið á tengdan þráð í stað þess að nota lausan þráð.

Kærandi hafi m.a. byggt á því við meðferð málsins hjá PFS að hinn lausi þráður hafi verið of stuttur og því ekki nothæfur. Vísar kærandi til þess sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun um þessa málsástæðu. Í hinni kærðu ákvörðun segi að ekki hafi komið fram hve stuttur aukapráðurinn hafi verið og að PFS bendi á að þráður þurfi að vera verulega stuttur (innan við 5 cm) svo hann verði ekki framlengdur. Sé aukapráður svo stuttur sé rétt verklag að tilkynna það til GR og gefa GR tækifæri til að bæta úr innan hæfilegs og sanngjarns frests áður en gripið sé til þess að klippa á tengdan þráð. Telur kærandi að PFS hafi búið til nokkurs konar vísireglu, án sérstaks rökstuðnings, þess efnis að til þess að þráður geti talist of stuttur til þess að ómögulegt sé að tengjast honum þurfi hann að vera innan við 5 cm langur. Enn fremur að rétt verklag sé að tilkynna GR og gefa GR tækifæri á að bæta úr innan hæfilegs og sanngjarns frests áður en gripið sé til þess að klippa á tengdan þráð.

Kærandi telur framangreindar forsendur ekki standast. Annars vegar að því fari fjarri að unnt sé að nota þráð sem er styttri en 5 cm. Þvert á móti þurfi lausi þráðurinn að vera til muna lengri og vísar til lýsingar FOA (The Fiber Optic Association) á aðferðafræði við að bræðisjóða lausan þráð í inntaki. Tekur kærandi fram að mat og forsendur PFS séu ekki studdar gögnum. Telur hann að hin kærða ákvörðun samrýmist að þessu leyti, hvorki rannsóknar- né andmælareglu stjórnarsýslulaga, sbr. 10. og 13. gr. laga nr. 37/1993 og að rökstuðningur sé um leið ófullnægjandi.

Telur kærandi hins vegar að forsendur hinnar kærðu ákvörðunar vart standast um það að ef þráður sé of stuttur þá sé það rétt verklag að tilkynna GR og gefa GR tækifæri á að bæta úr innan hæfilegs og sanngjarns frests áður en gripið sé til þess að klippa á tengdan þráð. Telur kærandi að rökstuðningur PFS sé illa samrýmanlegur 1. másl. 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, sem að fjallar um þau tilvik þegar enginn laus þráður sé í innanhússlögn þar sem splæsítenging hafi verið notuð. Þar komi fram að í slíkum tilvikum sé húseiganda heimilt að láta aftengja innanhússlögn frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir sé. Telur kærandi að ef laus þráður er svo stuttur að ekkert hald sé hljóti að mega jafna því til þess, eftir atvikum með lögjöfnun, að enginn þráður sé til staðar. Að öðrum kosti gæti GR t.d. tekið upp á því að

hafa lausa þráðinn 4,5 cm eða styttri og um leið algjörlega gagnslausan vitandi vits, án þess að húseigandi, eða fjarskiptafyrirtæki fyrir hans hönd, geti brugðist við á annan hátt en að setja sig í samband við viðkomandi fjarskiptafyrirtæki, þ.e.a.s. GR og gefið því kost að bæta úr.

Þá tekur kærandi fram að PFS hafi ítrekað byggt á því í stjórnsluframkvæmd og úrskurðarnefnd hafi staðfest að innanhússlagnir og frágangur þeirra sé á ábyrgð húseiganda. Telur kærandi að þessi tilkynningar áskilnaður PFS samrýmist illa því að innanhússlagnir og frágangur þeirra sé á ábyrgð húseiganda, þótt eðlilegt sé að húseigandi, kjósi hann svo, eða PFS geti krafist þess að fjarskiptafyrirtæki aftengi hina ólögmetu tengingu. Verði kæranda fyrir hönd húseiganda eða húseiganda gert að tilkynna GR fyrirfram um aftengingu vegna þess að laus þráður sé ekki aðgengilegur eða einkis nýtur og bíða þess að GR bæti úr, sé til þess fallið að tefja fyrir þjónustuskiptum ásamt því að GR fær þá fyrirfram upplýsingar um afstöðu viðskiptavinar og hefur engan hvata af því að greiða fyrir þeim skiptum. Telur kærandi að þvert á móti myndist við þetta sérstakur hvati fyrir GR til að hafa aukaþráðinn of stuttan við frágang innanhússlagna, gagngert til að tryggja sér framangreinda upplýsingagjöf og nýta sér hana, svo sem dæmi er um og kærandi hafi áður upplýst PFS um. Telur kærandi þetta jafnframt lítt samrýmanlegt samkeppnislögum og verndarhagsmunum þeirra.

Með vísan til alls framangreinds telur kærandi að taka beri kröfur hans til greina.

Tekur kærandi að lokum fram að hann telji það koma til álita að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála nýti sér heimildir 4. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta og póstmála, nr. 36/2009, að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila varðandi nauðsynlega lengd á lausum þræði, sbr. og rannsóknarreglur stjórnsluréttar og stjórnslulaga.

## 2.

Úrskurðarnefnd fór þess á leit við PFS að skilað yrði umsögn vegna kærunnar og var frestur í því skyni veittur til 4. desember 2019. Að beiðni PFS var fresturinn framlengdur til 11. desember 2019. Móttók úrskurðarnefndin greinargerð PFS hinn 5. desember 2019 ásamt afriti af þeim gögnum er lágu fyrir hjá PFS við töku hinnar kærðu ákvörðunar.

PFS krefst þess að 3. töluliður ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar húseignina að [...] í Hafnarfirði, verði staðfestur.

PFS vísar til þess sem rakið er í hinni kærðu ákvörðun um að PFS hafi gert breytingar á reglum um innanhússfjarskiptalagnir á undanförunum árum til þess að bregðast við vandamálum sem upp hafi komið í tengslum við umfangsmikla ljósleiðaravæðingu heimila og vinnustaða á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar hafi miðað að því að setta tvær ólíkar aðferðir kæranda og GR við að tengja heimtaugar við innanhússfjarskiptalagnir. Breytingar á reglunum hafi farið í gegnum ítarlegt samráðsferli

við hagsmunaaðila á fjarskiptamarkaði. Telur PFS að bæði kærandi og GR geti notað sína aðferð við tengingu að því gefnu að tilteknum reglum sé fylgt.

PFS tekur fram að með þeirri aðferð sem GR noti, þ.e.a.s. að bræðisjóða heimtaug sína við strengenda innanhússfjarskiptalagnar, verði ekki til aðgengilegur aðgangspunktur að innanhússfjarskiptalögnum líkt og 60. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003 (hér eftir fjarskiptalög) geri kröfu um og einnig tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2014/61/EB um lækkun kostnaðar við útbreiðslu háhraðaneta. Telur PFS að þessi aðferð GR hafi samkeppnishamlandi áhrif og skapi ekki það hagræði og lækkun kostnaðar gagnvart þeim fjarskiptafyrirtækjum sem setji upp tengingar í kjölfar þess fjarskiptafyrirtækis sem lagði fyrstu tenginguna. Tekur PFS fram að ábyrgð og kostnaður við að uppfylla kröfur um frágang tenginga í fjarskiptainntaki, þ.m.t. að leggja aukapráð sem skal komið fyrir í tengilista, hvíli á húseiganda, líkt og slegið hafi verið föstu í ákvörðun PFS nr. 16/2018 sem hafi ekki verið kærð og standi óhöggð.

Til mótvægis við neikvæð áhrif af notkun bræðisuðu hafi PFS gert breytingu, sbr. reglur um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sem falið hafi í sér að ef slík aðferð væri notuð í nýbygggingum fjölbýlishúsa skyldi leggja aukapráð innanhússfjarskiptalagnar frá fjarskiptainntaki í sérhverja íbúð. Síðar hafi þessi krafa verið útvíkkuð, sbr. reglur nr. 421/2018 til breytinga á reglum um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, á þá leið að ávallt skyldi leggja aukapráð þegar bræðisoðið væri í fjölbýlishúsum, óháð byggingartíma fjölbýlishúss. Tekur PFS fram að í tengslum við þessa reglubreytingu hafi PFS talið vera tilefni til að bregðast við tilteknum hnökrum við uppsetningu tenginga í fjarskiptainntaki sem stofnunin hafði fengið ábendingar um, bæði frá GR og kæranda. PFS hafi fengið ábendingar um að þrátt fyrir að búið væri að leggja lausan aukapráð í fjarskiptainntaki til hagsbóta fyrir það fjarskiptafyrirtæki sem á eftir kæmi væru brögð að því að tengdi þráðurinn væri engu að síður aftengdur (klipptur). Þetta hafi PFS ekki talið forkastanlegt, bæði út frá samkeppnislegum sjónarmiðum, þ.e.a.s. að bókstaflega fjarlægja keppinautinn af svæðinu, en einnig m.t.t. til skemmda á tengingum og sóum á verðmætum. Til að bregðast við hafi PFS sett nýja reglu sem tekin hafi verið upp í 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, þess efnis að óheimilt væri að aftengja tengdan þráð innanhússfjarskiptalagnar ef til staðar væri laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar í fjarskiptainntaki. Telur PFS að þessi regla sé skýr og ótvíræð. Telur PFS að mögulegt frávík frá henni verði að túlka mjög þröngt en í hinni kærðu ákvörðun hafi verið fallist á eitt slíkt tilvik en í því tilviki hafi lausi aukapráðurinn verið skemmdur og því ónothæfur.

PFS tekur fram hvað varðar hina kærðu ákvörðun að kæruefni máls þessa varði þær skýringar og réttlætningarástæður sem kærandi telji vera fyrir því að hafa aftengt tengdan þráð í húseigninni að [...] í Hafnarfirði í stað þess að nota lausan aukapráð í fjarskiptainntaki. Í ákvörðun sínum hafi stofnunin lagt til grundvallar að ekki sé verið að „taka út“ frágang tiltekinna tenginga í fjarskiptainntaki, heldur snúist málin um túlkun og beitingu reglna. Telur PFS ekki annað verða ráðið en að kæra kæranda taki mið af þessu, þ.e.a.s. ekki sé krafist úttektar eða skoðunar á frágangi tenginga í húseigninni sérstaklega

heldur lúti ágreiningsefnið fremur að túlkun og beitingu 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015 eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018.

Kærandi telji PFS hafa búið til nokkurs konar vísireglu um hversu stuttur aukapráður megi vera, sbr. orðalag í hinni kærðu ákvörðun um að of stuttur aukapráður þyrfti þá a.m.k. að vera styttri en 5 cm. Telur PFS að um sé að ræða misskilning af hálfu kæranda. Tekur PFS fram að bannregla um að aftengja virkan þráð í stað þess að nota lausan aukapráð í fjarskiptainntaki sé fortakslaus og PFS hafi ekki mælt fyrir um neina vísireglu til undantekningar frá henni. Tekur PFS fram að það eina sem geti komið í veg fyrir að lausi aukapráðurinn sé notaður sé ef það er til staðar einhver ómöguleiki, t.d. ef þráðurinn er það stuttur að það sé ekki hægt að „skræla“ endann á þræðinum til að splæsa hann við framlengingu. Tekur PFS fram að sérfræðingur PFS hafi metið það svo að aukapráðurinn þyrfti þá að vera a.m.k. styttri en 5 cm. Bendir PFS á að ekkert hafi komið fram í kæru hversu stuttur aukapráðurinn hafi verið í því tilviki sem um ræði í máli þessu. Þá sé PFS almennt ekki sammála kæranda um nauðsyn þess að aftengja tengdan þráð varanlega vegna of stuttra aukapráða.

Telur PFS að þessu sé í reynd öfugt farið, þ.e.a.s. að kærandi freisti þess að fá staðfesta undantekningarreglu sem heimili honum að aftengja tengda þræði þegar aukapráður sé of stuttur að hans mati. Til þess að koma þessu úr búningi eigin hagsmuna, þ.e.a.s. að slík undantekningarregla byggji eingöngu á eigin mati kæranda, leggi hann til að sérfróður ráðgjafi verði fenginn til að meta nauðsynlega lengd á lausum aukapræði innanhússfjarskiptalagna. Telur PFS að þessi tillaga kæranda sé fráleit. Bendir PFS á að reglusetning hvað þetta varði verði ekki ráðin til lykta í kærúmáli tveggja fjarskiptafyrirtækja fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála en almenn reglusetningarheimild í þessum efnunum sé á hendi PFS á grundvelli 60. gr. fjarskiptalaga og eigi slík reglusetning sér stað samkvæmt formlegu samráðsferli með aðkomu allra hagsmunaaðila á fjarskiptamarkaði, sbr. 6. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003. Fer PFS fram á að tillögu kæranda um slíkt verði synjað.

PFS tekur fram að bann það sem lagt sé við því að aftengja tengdan þráð innanhússfjarskiptalagnar þegar fyrir hendi sé laus aukapráður í inntaki, sé fortakslaus og að of stuttur aukapráður heimili ekki undantekningu á þeirri reglu. Tekur PFS fram að stofnunin sé ósammála kæranda um að of stuttur aukapráður þurfi að leiða til þess að tengdi þráðurinn sé aftengdur varanlega.

Bendir PFS á að í inntökum og húskössum fjölbýlishúsa þar sem GR hafi tengt þráð með bræðisuðu skuli vera laus aukapráður. Heldur PFS því fram að það heyri til undantekninga að aukapráðurinn sé ekki af sömu lengd og tengdi þráðurinn, enda sé ómögulegt annað en að „skræla“ utan af þeim báðum í einu, tvíleiðaranum, þó aðeins annar þráðurinn sé notaður. Tekur PFS fram að framkvæmdin sé alla jafna sú að lengd hinna „skræluðu“ þráða sé höfð það mikil að hægt sé að hringja þá upp í nokkra hringi í spólu innan inntaka eða húskassa. Telur PFS að þegar svo sé þá eigi að vera auðvelt að nýta aukapráðinn og framlengja hann ef nauðsynlegt er.

Komi upp sú undantekningarstaða að lausi þráðurinn hafi verið gerður styttri en tengdi þráðurinn og það mikið að hann verði ekki framlengdur með bræðisuðu sé sú leið fær að „skræla“ meira utan af tvíleiðaranum svo hægt sé að nýta aukapráðinn. Tekur PFS fram að auðvitað muni slíkt geta kallað á að nauðsynlegt verði að aftengja tengda þráðinn tímabundið vegna „skrælingar“ tvíleiðarans. Í slíkum tilvikum sé rétt að tengda þræðinum sé komið í upphaflegt stand aftur með bræðisuðu, hvort sem kærandi geri það eða upplýsi GR um aftenginguna og GR geti því tengt hann aftur. PFS áréttar að kæranda sé því ekki heimilt í tilvikum sem þessum að skorast undan því að nota aukapráðinn. Aukapráðinn skuli nýta þó það geti kallað á að það þurfi að aftengja tengda þráðinn tímabundið á meðan aukapræðinum er komið í tengingu. Tekur PFS fram að þrátt fyrir að hægt sé að bregðast við tilvikum þar sem aukapráður reynist of stuttur, án þess að aftengja tengda þráðinn varanlega, telji PFS koma til álita að setja reglu í samráði við fjarskiptafyrirtæki um hver skuli vera lágmarkslengd aukapráðar í fjarskiptainntaki.

Að lokum tekur PFS fram að deilur GR og kæranda eigi sér nokkuð langa sögu, bæði félögin geri ýtrustu kröfur um hvernig eigi að setja reglur um innanhússfjarskiptalagnir og hvernig þær skuli túlkaðar og séu ekki tilbúin til neinna málamiðlana í þeim efnum. Það hafi einnig verið reynsla PFS þegar stofnunin hafi reynt settir um þessi mál eða efnt til samráðs um reglusetningu. PFS tekur einnig fram að stofnunin telji brýnt að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfesti ákvarðanir PFS sem nú er í kærumeðferð og varði innanhússfjarskiptalagnir svo binda megir endi á það ófremdarástand sem ríkt hafi í þessum efnum um alltof langan tíma.

Með vísan til framangreinds krefst PFS þess að 3. töluliður ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar húseignina að [...] í Hafnarfirði, verði staðfestur.

### 3.

Úrskurðarnefndin óskaði eftir umsögn GR vegna kærunnar og var frestur í því skyni veittur til 4. desember 2019. Að beiðni GR var fresturinn framlengdur til 9. desember 2019 og var greinargerð GR ásamt fylgigagni móttækin þann dag.

GR krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

GR vísar til nokkurra atriða úr rökstuðningi PFS í hinni kærði ákvörðun máli sínu til stuðnings. Bendir GR á að tilgangur með setningu reglna nr. 421/2018, sem breytt hafi m.a. þáverandi 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, hafi beinlínis verið að sporna við því að klippt væri á tengdan þráð keppinauts, þrátt fyrir að laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar væri til staðar í fjarskiptainntakinu. Vísar GR til þess að um sé að ræða samkeppnishamlandi ráðstöfun sem feli í sér að það yrði dýrara og erfiðara um vik fyrir fjarskiptafyrirtæki að fá fyrrum viðskiptavini aftur í viðskipti. Telur GR að ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018 kveði á um fortakslaust bann við því að aftengja tengdan þráð fjarskiptafyrirtækis, við uppsetningu annarrar tengingar, ef til staðar er laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar.

Telur GR að við þær aðstæður þar sem eingöngu er fyrir hendi einn þráður innanhússfjarskiptalagnar í fjarskiptainntaki kveði 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018 skýrt á um skyldu fjarskiptafyrirtækis, sem aftengir með lögmætum hætti tengdan þráð í fjarskiptainntaki, að tilkynna um þá aðgerð til þess fjarskiptafyrirtækis sem missir tenginguna eigi síðar en tíu virkum dögum frá því tengingin var rofin. Vísar GR til þess að PFS hafi bent á að GR hafi í framangreindu samhengi réttmæta og lögvarða hagsmuni sem varði hið almenna fjarskiptanet fyrirtækisins. PFS bendi á að í fjarskiptainntaki sé ekki að finna tengipunkt heimtaugar (almenna fjarskiptanetið) við innanhússfjarskiptalögn. Sé slík tenging rofin varði það hvort tveggja innanhússfjarskiptalögnina og heimtaugina sem sé hluti af hinu almenna fjarskiptaneti. GR vísar til þess að það sé álit PFS að fjarskiptafyrirtæki eigi rétt á að fá upplýsingar sem varði virkni heimtauga í hinu almenna fjarskiptaneti. Því telji PFS að rof tengingar í fjarskiptainntaki, þegar þess sé þörf, vera tilkynningarskylt til þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir rofinu verði.

Í hinni kærðu ákvörðun liggja fyrir að kærandi hafi brotið gegn tilkynningarskyldu samkvæmt 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018. Vísar GR til þess að það sé á ábyrgð húseigenda að umrædd skilyrði séu uppfyllt, þ.e.a.s. að til staðar sé laus aukaþráður innanhússfjarskiptalagnar í tengilista, sbr. ákvörðun PFS nr. 16/2018. Sé þessi krafa ekki uppfyllt sé kæranda ekki heimilt að taka tengdan þráð GR úr sambandi.

GR heldur því fram að fullyrðingar kæranda um að þráður hafi verið „of stuttur“ séu ósannaðar. Vísar GR til þeirrar viðurkenningar kæranda sem fram komi í kæru að við tengingu af hans hálfu hafi ekki verið nýttur „laus þráður“ sem GR hafi komið fyrir við splæsítengingu heimtaugar í samræmi við reglur um innanhússfjarskiptalagnir heldur hafi innanhússlögn húseiganda verið aftengd frá inntaki GR, þ.e.a.s. kærandi hafi klippt á tengdan þráð í stað þess að nota „lausan þráð“. Skýringar kæranda á því hvers vegna ekki hafi verið hægt að nota lausan aukaþráð innanhússfjarskiptalagnar séu að hann hafi verið of stuttur eða ónothæfur af öðrum ástæðum. GR vísar til þess að þessar fullyrðingar kæranda virðast ekki studdar neinum sönnunargögnum. Í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar hafi ekkert komið fram um þessar röksemdir kæranda. PFS hafi ekki fallist á sjónarmið kæranda um að of stuttur aukaþráður gæti réttlætt að aftengja tengdan þráð innanhússfjarskiptalagna.

Samkvæmt vinnureglum GR sé ávallt hafður nægur slaki á aukaþráðum innanhússlagnar. Aukaþráður sé rúllaður við eða í slakaspólu viðkomandi tengipunkts en slíkt verklag hafi GR viðhaft lengi. Tilgangurinn sé að tryggja að ekki þyrfi að eiga við uppsetta tengingu og tengibox GR látin óhreyfð. Það tryggi jafnframt að kjósi húseigandi/viðskiptavinur í framtíðinni að eiga viðskipti við GR þurfi ekki að endurtengja íbúð við fjarskiptakerfi GR heldur er það gert með einfaldri hugbúnaðarstýringu í stjórnstöð GR með litlum kostnaði fyrir bæði GR og húseiganda. Það sé hagur GR að aukaþræðir séu til staðar og aðgengilegir fyrir önnur félög til að nota.

GR vísar til þess að við vettvangsskoðun hinn 4. desember 2019 í húseignina að [...] í Hafnarfirði hafi komið í ljós að allir aukapræðir sem lagðir voru í húsinu hafi verið með yfirdrifið nægan slaka, allt frá 70-120 cm hver aukapráður. GR hafi lagt aukapræði í allar íbúðir hússins og fyrsta tengingin hafi verið virkjuð árið 2016. Í húsinu séu 6 íbúðir og því hafi verið lagðir 6 aukapræðir. Á myndum sem teknar hafi verið í húseigninni að [...] í Hafnarfirði við vettvangsskoðunina hinn 4. desember 2019 megi sjá að allir aukapræðir hvernar íbúðar hafi að jafnaði verið um 70-120 cm langir. Miðað við framangreindar staðreyndir og með vísan til vinnureglna GR sé mjög ólíklegt að í eina íbúð húseignarinnar að [...] Hafnarfirði, hafi verið lagður styttri aukapráður en sé til staðar í öllum öðrum íbúðum hússins líkt og kærandi haldi fram. Telur GR að í öllu falli séu engin gögn sem styðji þá fullyrðingu kæranda. Í vettvangsskoðuninni hafi komið í ljós að í inntaki GR voru bútar af grænum aukapræði sem höfðu verið klipptir frá einhverri innanhússlögn og telur GR að miðað við lengd aukapráða sem til staðar voru í tengingum hinna íbúða hússins megi áætla að búturnir hafi verið klipptir frá aukapræðinum sem um ræði. GR hafi enga hagsmuni af því að klippa frá umræddan aukapráð.

Þegar tæknimenn GR vinni að tengingu innanhússlagnar íbúðar, þar sem ekki séu til staðar þræðir frá íbúð í fjarskiptainntaki og þráður, sem sé virkur og á tengilista, kveði verklagsreglur GR á um að tæknimenn skuli leggja nýjan þráð samhliða hinum tengda þræði eða skipta þræði út og tryggja að fyrri tengimöguleiki sé tengdur og til staðar. Tekur GR fram að það hafi verið gert í þessu tilfelli að þráðurinn sem aftengdur hafi verið frá inntaki GR hafi verið færður á tengilista í inntaki kæranda.

Þá telur GR athyglisvert að ekki sé til staðar húskassi eins og kærandi hafi að jafnaði gert kröfu um að sé til staðar og kærandi hafi yfirleitt fært lagnir í, heldur hafi kærandi fært þráðinn sem hann klippti á úr inntaki GR og yfir í eigið inntak. Telur GR liggja ljóst fyrir að aukapráður hafi verið til staðar í máli þessu. Sökum þessa telur GR fullyrðingu kæranda ósannaða og hún verði ekki lögð til grundvallar við úrlausn þessa máls. Þar að auki telur GR að fullyrðing kæranda geti aldrei réttlætt að kærandi taki ákvörðun um að klippa á tengingu GR með þeim hætti sem hann gerði, enda felist í því skýlaust brot á 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018.

GR mótmælir þeim málsástæðum og lagarökum sem raktar eru í kæru enda séu þær ekki í samræmi við staðreyndir í málinu og aðstæður á vettvangi. Þá byggir GR á því að þær ályktanir sem kærandi dragi af ummælum í forsendum PFS í hinni kærðu ákvörðun, m.a. um að þráður þurfi að vera verulega stuttur (innan við 5 cm) svo hann verði ekki framlengdur, nánast vera útúrslúningur sem engin áhrif geti haft á úrlausn málsins. Telur GR það ekki hafi verið valkostur fyrir kæranda líkt og hann virðist álykta að klippa á tengdan þráð GR við þær aðstæður sem liggja fyrir í þessu máli. PFS bendi á að rétt verklag, þar sem aukapráður er of stuttur, sem GR telji ósannað í málinu, sé að gefa aðila tækifæri til að bæta úr innan hæfilegs og sanngjarns frests áður en gripið sé til þess ráðs að klippa á tengdan þráð. GR telur að reglan sem PFS vísi til miði að því að við þessar aðstæður geti GR tryggt að tenging GR við tengibox haldist óskert og varðveitist og sé þannig ekki sóað, vilji húseigandi/viðskiptavinur síðar kaupa fjarskiptaþjónustu af GR. Hins vegar hafi



kærandi ekki látið við það sitja að klippa á tengingu GR heldur hafi kærandi einnig fjarlægt tengibox GR sem honum hafi verið með öllu óheimilt að gera og engin þörf hafi verið á. Þessar athafnir kæranda hafi þær afleiðingar að GR verði að leggja nýjan þráð úr íbúð og setja upp nýtt tengibox frá grunni, í stað þess sem hafi verið fjarlægt og setja nýja tengiboxið upp í fjarskipta- og hugbúnaðarkerfum GR til þess að geta veitt fjarskiptaþjónustu. Sé þetta afar skaðlegt fyrir starfsemi GR og samkeppnisstöðu félagsins að klippt sé á tengingu GR og sérstaklega ef tengibox félagsins er einnig fjarlægt. Leiði það til margfalt meiri kostnaðar við að koma á viðskiptum við viðskiptavin í stað þess að hægt sé að koma á tengingu með einfaldri hugbúnaðaraðgerð í kerfum GR. Bendir GR á að vegna þessa hafi GR sett þá verklagsreglu fyrir mörgum árum að tryggja ávallt aðgengi að aukaprád til að koma í veg fyrir að annað fjarskipta fyrirtæki þurfi að aftengja tengingu sem GR hafi þegar fjárfest í til framtíðar.

GR byggir einnig á því að félagið eigi réttmæta og lögmæta hagsmuni af aðgerðum sem áhrif hafi á hið almenna fjarskiptanet fyrirtækisins. Fjarskiptainntak falli undir það líkt og PFS bendi á en þar sé að finna tengipunkt heimtaugar (almenna fjarskiptanetið) við innanhússfjarskiptalögn. Telur GR þá hagsmuni vera bæði fjárhagslega, sem felist í fjárfestingu í búnaði og vinnu við uppsetningu hans auk þess að geta átt þess kost að nota þegar uppsettan búnað síðar til að bjóða upp á fjarskiptaþjónustu. Í þessu ljósi telur GR að verði að túlka og skýra 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, en ekki með þeim hætti sem kærandi gerir.

Með vísan til alls framangreinds telur GR að hafna eigi kröfum og rökum kæranda.

#### 4.

Úrskurðarnefndin sendi greinargerð PFS og GR til kæranda til upplýsinga eða eftir atvikum til frekari athugasemda hinn 11. desember 2019 og var frestur veittur til 6. janúar 2020. Að beiðni kæranda var fresturinn framlengdur til 23. janúar 2020 og móttók úrskurðarnefndin viðbótarathugasemdir kæranda þann dag.

Kærandi áréttar í viðbótarathugasemdum sjónarmið sem rakin voru í kæru. Þá mótmælir kærandi málatilbúnaði GR og PFS í heild sinni og um einstök atriði að því marki sem það samrýmist málatilbúnaði kæranda.

Vísar kærandi til þeirrar vísireglu sem hann telur PFS hafa búið til í hinni kærðu ákvörðun. Vísar kærandi til þess að í greinargerð PFS komi fram að um misskilning sé að ræða og engin slík vísiregla hafi verið búin til, þvert á móti sé bannregla um að aftengja virkan þráð í stað þess að nota lausan aukaprád í fjarskiptainntaki fortakslaus. Af þessu tilefni hafði kærandi samband við PFS með tölvupósti þar sem kærandi óskaði staðfestingar á því hvort skilningi kæranda væri réttur. Í tölvupóstinum var spurt að því hvort það væri rétt skilið að PFS líti svo á að ef þráður er á annað borð að sönnu of stuttur, sem kærandi hafi ekki skjálleg gögn um í fyrirliggjandi tilviki, þá eigi bannreglan ekki við og um leið tilkynningarskyldan sem vísað er til í kæru. Tók kærandi fram að ef þetta væri réttur skilningur kæranda væri tæpast ástæða fyrir kæranda að halda málinu sérstaklega til

streitu að óbreyttu. Svar barst frá PFS og var svarið nei, þ.e.a.s. að of stuttur þráður aukastrengs innanhússfjarskiptalagnar heimili ekki að tengdur þráður sé aftengdur og notaður af því fjarskiptafyrirtæki sem á eftir komi.

Telur kærandi að miðað við það sem fram hafi komið af hálfu PFS sé það afstaða PFS að túlkun og beiting 1. másl. 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, sé með þeim hætti að jafnvel þótt hinn lausi þráður sem lögskýlt sé að leggja, sé ónothæfur, þ.e.a.s. án sérstaks atbeina hins brotlega, þegar kærandi vilji tengja við fjarskiptainntak, þá gildi það einu varðandi efnislegt inntak og beitingu umræddrar greinar. Mótmælir kærandi slíkri lögskýringu, a.m.k. í þeim tilvikum þegar fyrir liggja sönnun þess að lausi þráðurinn sé ónýtanlegur. Telur kærandi að lögskýring sem þessi feli ekki einasta í sér rökleysu, heldur hljóti að fara gegn tilgangi og þeim verndarsjónarmiðum sem búi að baki umræddu ákvæði og ekki síður eðli málsins og afleiðingum þess. Telur kærandi að með þessari lögskýringu hafi GR það í hendi sér, hvort fullnægt sé lagaáskilnaði um lausan þráð fyrirfram eða eftir á að framkominni athugasemd. Telur kærandi að ekki verði séð að lögskýring sem þessi fái samrýmst viðurkenndum sjónarmiðum og aðferðum við skýringu laga í íslenskum rétti.

Af framangreindum málatilbúnaði PFS leiði enn fremur að þegar pottur sé brotinn samkvæmt framansögðu beri fjarskiptafyrirtæki að setja sig í samband við annað fjarskiptafyrirtæki sem hafi ekki fullnægt lagaskyldu sinni og gefa því kost á að bæta úr. Vísar kærandi til þess að PFS hafi ítrekað byggt á því að innanhússlagnir og frágangur þeirra sé á ábyrgð húseiganda. Þessi áskilnaður um skyldu fjarskiptafyrirtækis til að setja sig í samband við annað fjarskiptafyrirtæki samrýmst að mati kæranda vart þeirri ábyrgð. Þótt eðlilegt sé á hinn bóginn að húseigandi, kjósi hann svo eða PFS, eftir atvikum að kröfu annars fjarskiptafyrirtækis, geti krafist þess að fjarskiptafyrirtæki aftengi hina ólögsmætu tengingu sem það hafi ljáð atbeina að.

Ítrekar kærandi að verði honum, fyrir hönd húseiganda, eða húseiganda sjálfum gert að tilkynna GR fyrirfram um aftengingu vegna þess að laus þráður sé ekki aðgengilegur í samræmi við lög og bíða þess að GR bæti úr, sé það síst til þess fallið að greiða fyrir þjónustuskriptum auk þess sem GR fái þá upplýsingar um að viðskiptavinur vilji beina viðskiptum sínum annað og hefur því engan hvata af því að greiða fyrir þeim skriptum. Telur kærandi að þvert á móti myndist sérstakur hvati fyrir GR að hafa lausa aukabráðinn að jafnaði allt of stuttan við frágang innanhússlagna, gagngert til að tryggja sér framangreinda upplýsingagjöf og nýta sér hana, svo sem dæmi séu um og kærandi hafi áður upplýst PFS um. Telur kærandi þetta lítt samræmanlegt samkeppnislögum og verndarhagsmunum þeirra.

#### **IV. Niðurstöður**

## 1.

Mál þetta má rekja til kvörtunar GR til PFS hinn 13. maí 2019, vegna háttsemi kæranda við tengingu í fjölda fasteigna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Akranesi. Annars vegar kvartaði GR yfir því að kærandi hafi aftengt splæsitungu GR til að tengja sig við ljósleiðaraþráð sem GR hafi nýtt, frekar en að nota aukapráðinn sem hafi verið ónotaður og í því hafi falist brot gegn 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018. Hins vegar kvartaði GR yfir því að kærandi hafi ekki tilkynnt GR um aftengingu og þar með brotið gegn 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018.

Ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar eru í 4 liðum, þar af fjallar síðasti liðurinn um kæruleiðir. Með 1. tölulið ákvörðunarorða var kvörtun GR vegna meintra brota kæranda gegn 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018 vegna nánar tiltekinna húseigna, vísað frá. Með 2. tölulið ákvörðunarorða var kvörtun GR vegna meintra brota kæranda gegn 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018 vegna nánar tiltekinna húseigna, vísað frá. Með 3. tölulið ákvörðunar komst PFS hins vegar að þeirri efnislegu niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn bæði 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, vegna átta nánar tiltekinna húseigna. Kærandi krefst þess að 3. töluliður ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar er varði húseignina að [...], Hafnarfirði verði felldur úr gildi.

Kærumál þetta lýtur því eingöngu að framkvæmd tenginga í einni húseign af þeim átta sem kveðið er á um í 3. tölulið ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar og mun úrskurðarnefndin því eingöngu fjalla um þá húseign.

## 2.

Kærandi krefst þess að 3. töluliður hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar húseignina [...] í Hafnarfirði, verði felldur úr gildi.

Kærandi byggir á því að hinn lausi aukapráður sem GR hafi komið fyrir við splæsitungu heimtaugar í húseigninni að [...] í Hafnarfirði hafi verið of stuttur og því ónothæfur. Af þeim sökum hafi kærandi ekki getað notað lausa aukapráðinn og þess í stað hafi innanhússlögn húseiganda verið aftengd frá inntaki GR, þ.e.a.s. að kærandi hafi af þeim sökum klippt á tengdan þráð GR í stað þess að nota lausa aukapráðinn þar sem hann hafi verið of stuttur.

Kærandi byggir einnig á því að PFS hafi búið til nokkurs konar vísireglu, án sérstaks rökstuðnings um að til þess að laus aukapráður geti talist of stuttur til að tengjast honum þurfi hann að vera innan við 5 cm langur. Því sé rétt verklag að tilkynna GR um það og gefa GR færi á að bæta úr innan hæfilegs og sanngjarns frests áður en gripið sé til þess að klippa á tengdan þráð. Kærandi telur að slík vísiregla standist ekki. Að hans mati þurfi lausi aukapráðurinn að vera lengri og vísar m.a. til lýsingar FOA (The Fiber Optic Association) á aðferðafræði við að bræðisjóða lausan þráð í inntaki. Telur kærandi að hin kærða

ákvörðun sé ekki í samræmi við rannsóknar- og andmælaeðglu stjórnarsýslulaga, sbr. 10. og 13. gr. laga nr. 37/1993. Auk þess byggir kærandi á því að rökstuðningur PFS sé ófullnægjandi.

Að mati kæranda samrýmist rökstuðningur PFS um tilkynningarskyldu til GR ef þráður reynist of stuttur, ekki 1. másl. 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018. Sé hinn lausi þráður svo stuttur að ekki er hægt að nota hann þá séu aðstæður þær sömu og ef enginn þráður væri laus og þá megi húseigandi með lögjöfnun til framangreinds ákvæðis láta aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Að öðrum kosti telur kærandi að GR geti vísitandi tekið upp á því að skilja alltaf eftir lausan aukapráð sem sé styttri en 5 cm. Mótmælir kærandi þeirri lögskýringu PFS á ákvæðinu að jafnvel þótt hinn lausi þráður sé ónothæfur, þegar kærandi vilji tengjast fjarskiptainntaki þá gildi einu um efnisleg inntak og beitingu umræddrar greinar. Telur kærandi að lögskýring PFS samrýmist ekki viðurkenndum sjónarmiðum og aðferðum við skýringu laga í íslenskum rétti og hljóti að fara gegn tilgangi og þeim verndarsjónarmiðum sem búi að baki reglunni.

Að lokum byggir kærandi á því það verklag sem PFS bjóði samkvæmt hinni kærðu ákvörðun, þ.e.a.s. að ef laus aukapráður sé of stuttur eigi kærandi að tilkynna GR um það og gefa færi á að bæta úr, samrýmist illa því sem PFS hafi ítrekað byggt á að innanhússlagnir og frágangur þeirra sé á ábyrgð húseiganda. Byggir kærandi einnig á því að þetta verklag sé til þess fallið að tefja fyrir þjónustuskriptum auk þess sem það myndist sérstakur hvati fyrir GR að hafa lausa aukapræði of stutta til að tryggja sér tilkynninguna við þjónustuskripti og nýta sér. Telur kærandi þetta ekki samræmast samkeppnislögum né verndarhagsmunum þeirra.

Telur kærandi koma til álita að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála nýti sér heimild samkvæmt 4. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, nr. 36/2009 í máli þessu hvað varðar mat á lengd lausra aukapráða

### 3.

PFS krefst þess að 3. töluliður hinnar kærðu ákvörðunar, að því er varðar fasteignina að [...], Hafnarfirði, verði staðfestur.

Byggir PFS á því að ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018 sé skýrt og ótvírætt og að mögulegt frávik frá reglunni verði að túlka mjög þröngt. Tekur PFS fram að fallist hafi verið á þrönga undantekningu frá reglunni í einu tilviki í hinni kærðu ákvörðun en í því tilviki hafi lausi aukapráðurinn verið skemmdur og því ónothæfur.

Ágreiningsefni máls þessa lúti aðeins að túlkun og beitingu 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. 421/2018 en ekki að skoðun eða úttekt á frágangi tenginga í húseigninni að [...], Hafnarfirði. Þá lúti málið að skýringum og

réttlættingarástæðum kæranda fyrir því að hann hafi aftengt tengdan þráð í húseigninni í stað þess að nota lausan aukapráð í fjarskiptainntakinu.

PFS mótmælir að í hinni kærðu ákvörðun hafi PFS búið til vísireglu um hversu stuttur aukapráður megi minnst vera, þ.e.a.s. að hann þurfi að vera a.m.k. styttri en 5 cm. Um misskilning sé að ræða af hálfu kæranda. Bannregla 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, sé fortakslaus og PFS hafi ekki mælt fyrir um neina vísireglu í hinni kærðu ákvörðun til undantekninga á henni. Tekur PFS fram að það eina sem geti komið í veg fyrir að lausi aukapráðurinn sé notaður sé ef það er til staðar einhver ómöguleiki, t.d. ef þráðurinn sé það stuttur að ekki sé hægt að „skræla“ endann á þræðinum til að splæsa hann við framlengingu. Sérfræðingur PFS hafi metið það svo að aukapráðurinn þyrfti þá að vera a.m.k. styttri en 5 cm. Byggir PFS ennfremur á því að ekki hafi komið fram í málinu hversu stuttur aukapráðurinn hafi verið í því tilviki sem um ræði í máli þessu. Þá sé PFS almennt ósammála kæranda um nauðsyn þess að aftengja tengdan þráð varanlega vegna of stuttra aukapráða.

Telur PFS í reynd að þessu sé öfugt farið, þ.e.a.s. að kærandi freisti þess að fá staðfesta undantekningarreglu sem heimili honum að aftengja tengda þræði þegar aukapráður sé of stuttur að mati kæranda. Telur PFS að til þess að koma þessu úr búningi eigin hagsmuna, þ.e.a.s. að slík undantekningarregla byggi eingöngu á eigin mati kæranda, leggi hann til að sérfróður ráðgjafi verði fenginn til að meta nauðsynlega lengd á lausum aukapræði innanhússfjarskiptalagna. Bendir PFS á að reglusetning hvað þetta varði verði ekki ráðin til lykta í kærumáli tveggja fjarskiptafyrirtækja fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála en almenn reglusetningarheimild í þessum efnunum sé á hendi PFS á grundvelli 60. gr. fjarskiptalaga og eigi slík reglusetning sér stað samkvæmt formlegu samráðsferli með aðkomu allra hagsmunaaðila á fjarskiptamarkaði, sbr. 6. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003. Fer PFS fram á að tillögu kæranda um slíkt verði synjað.

PFS tekur fram að bann það sem lagt sé við því að aftengja tengdan þráð innanhússfjarskiptalagnar þegar fyrir hendi sé laus aukapráður innanhússfjarskiptalagna í inntaki, sé fortakslaust og að of stuttur aukapráður heimili ekki undantekningu á þeirri reglu. PFS sé ósammála kæranda um að of stuttur aukapráður þurfi að leiða til þess að tengdi þráðurinn sé aftengdur varanlega.

Bendir PFS á því að það heyri til undantekninga að aukapráðurinn sé ekki af sömu lengd og tengdi þráðurinn, enda sé ómögulegt annað en að „skræla“ utan af þeim báðum í einu, tvíleiðaranum, þótt aðeins annar sé notaður. Telur PFS að framkvæmdin sé alla jafna sú að lengd hinna „skræluðu“ þráða sé höfð það mikil að hægt sé að hringa þá upp í nokkra hringi í spólu innan inntaka eða húskassa, þá eigi að vera auðvelt að nýta aukapráðinn og framlengja hann ef nauðsynlegt er. Komi upp sú staða, sem heyri til undantekninga, að lausi aukapráðurinn sé það mikið styttri en tengdi þráðurinn, að hann verði ekki framlengdur með bræðisuðu sé sú leið fær að „skræla“ meira utan af tvíleiðaranum svo hægt sé að nýta aukapráðinn. Bendir PFS á að slík aðferð geti kallað á að nauðsynlegt sé að aftengja tengda þráðinn tímabundið vegna „skrælingar“ tvíleiðarans en að eðlilegt og rétt sé í slíkum tilvikum að tengda þræðinum sé komið aftur í upphaflegt ástand með

bræðisuðu, hvort sem kærandi geri það sjálfur eða GR upplýst um aftenginguna og geti tengt hann aftur. PFS byggir á því að í slíkum tilvikum sé kæranda ekki heimilt að skorast undan því að nýta aukapráðinn. Tekur PFS fram að það komi til álita að setja reglu í samráði við fjarskiptafyrirtæki um hver skuli vera lágmarkslengd aukapráðar í fjarskiptainntaki.

#### 4.

Gagnaveita Reykjavíkur krefst þess að kröfu kæranda verði hafnað.

GR byggir á því að tilgangur með setningu reglna nr. 421/2018, sem breytt hafi m.a. þáverandi 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, hafi beinlínis verið að sporna við því að klippt væri á tengdan þráð keppinauts, þegar laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar væri til staðar í fjarskiptainntaki. Álit PFS sé að það að klippa á tengdan þráð fjarskiptafyrirtækis sé samkeppnishamlandi og dýrara og erfiðara sé fyrir fjarskiptafyrirtæki að fá fyrrum viðskiptavini aftur í viðskipti.

Ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, kveði á um fortakslaust bann við því að aftengja tengdan þráð fjarskiptafyrirtækis, við uppsetningu annarrar tengingar, ef til staðar er laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar.

Vísar GR til þess að það sé á ábyrgð húseigenda að umrædd skilyrði séu uppfyllt, þ.e.a.s. að til staðar sé laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar í tengilista, sbr. ákvörðunar PFS nr. 16/2018. Byggir GR á því að ef þessi krafa er ekki uppfyllt heimili það ekki kæranda að taka tengdan þráð GR úr sambandi.

GR heldur því fram að fullyrðingar kæranda um að þráður hafi verið „of stuttur“ séu ósannaðar og vísar til þeirrar viðurkenningar kæranda sem fram komi í kæru að við tengingu hans hafi ekki verið nýttur „laus þráður“ sem GR hafi komið fyrir við splæsítengingu heimtaugar heldur hafi innanhússlögn húseiganda verið aftengd frá inntaki GR, þ.e.a.s. kærandi hafi klippt á tengdan þráð í stað þess að nota „lausan þráð“.

GR byggir á því að skýringar kæranda á því hvers vegna ekki hafi verið hægt að nota lausa aukapráðinn, það að hann hafi verið of stuttur eða ekki hægt að nota hann af öðrum ástæðum, séu ósannaðar og ekki komi fram hversu stuttur aukapráðurinn hafi verið. Of stuttur aukapráður geti ekki réttlætt það að aftengja tengdan þráð innanhússfjarskiptalagna. Vinnureglur GR við lagningu aukapráða kveði á um að ávallt sé hafður nægur slaki á aukapráðum innanhússlagnar og að aukapráður sé rúllaður við eða í slakaspólu viðkomandi tengipunkts. Tekur GR fram að það sé það beinlínis hagur GR að aukapræðir séu til staðar og aðgengilegir fyrir önnur félög til að nota svo ekki þurfi að aftengja tengingu GR með tilheyrandi kostnaði ef tengja þurfi aftur.

Við vettvangsskoðun hinn 4. desember 2019 í húseignina að [...] í Hafnarfirði hafi komið í ljós að allir aukapræðir sem lagðir voru í húsinu hafi verið með yfirdrifið nægan slaka, allt frá 70-120 cm hver aukapráður. Í vettvangsskoðuninni hafi komið í ljós að í inntaki GR voru bútar af grænum aukapræði sem höfðu verið klipptir frá einhverri innanhússlögn og

telur GR að miðað við lengd aukapráða sem til staðar voru í tengingum hinna íbúða hússins megi áætla að bútarnir hafi verið klipptir frá aukapræðinum sem um ræði. GR tekur fram að GR hafi enga hagsmuni af því að klippa frá umræddan aukaprád.

Þá bendir GR á að í húseigninni að [...], Hafnarfirði hafi ekki verið til staðar húskassi líkt og kærandi hafi að jafnaði gert kröfu um að sé til staðar og kærandi hafi yfirleitt fært lagnir í, heldur hafi kærandi fært þráðinn sem hann klippti á úr inntaki GR og yfir í eigið inntak. Telur GR liggja ljóst fyrir að aukapráður hafi verið til staðar í máli þessu og að fullyrðingar kæranda um að aukapráðurinn hafi verið of stuttur séu ósannaðar og ekki í samræmi við þau atvik og aðstæður sem GR hafi gert grein fyrir. Sökum þessa telur GR fullyrðingu kæranda ósannaða og hún verði ekki lögð til grundvallar við úrlausn þessa máls. Þar að auki telur GR að fullyrðing kæranda geti aldrei réttlætt að kærandi taki ákvörðun um að klippa á tengingu GR með þeim hætti sem hann gerði, enda felist í því skýlaust brot á 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018.

Þá byggir GR á því að þær ályktanir sem kærandi dragi af ummælum í forsendum PFS í hinni kærðu ákvörðun, m.a. um að þráður þurfi að vera verulega stuttur (innan við 5 cm) svo hann verði ekki framlengdur vera útúrsnúning sem ekki geti haft áhrif á úrlausn málsins. Telur GR að reglan sem PFS vísi til í hinni kærðu ákvörðun miði að því að við þessar aðstæður geti GR tryggt að tenging GR við tengibox haldist óskert og varðveitist og sé þannig ekki sóað, vilji húseigandi/viðskiptavinur síðar kaupa fjarskiptaþjónustu af GR. Hins vegar hafi kærandi ekki látið við það sitja að klippa á tengingu GR heldur hafi kærandi einnig fjarlægt tengibox GR sem honum hafi verið með öllu óheimilt að gera og engin þörf hafi verið á. Telur GR að þessar athafnir kæranda hafi þær afleiðingar að GR verður að leggja nýjan þráð úr íbúð og setja upp nýtt tengibox frá grunni, í stað þess sem hafi verið fjarlægt og setja nýja tengiboxið upp í fjarskipta- og hugbúnaðarkerfum GR til þess að geta veitt fjarskiptaþjónustu.

Loks telur GR að hann eigi réttmæta og lögmæta hagsmuni af aðgerðum sem áhrif hafi á hið almenna fjarskiptanet. Telur GR þá hagsmuni vera bæði fjárhagslega, sem felist í fjárfestingu í búnaði og vinnu við uppsetningu hans auk þess að geta átt þess kost að nota þegar uppsettan búnað síðar til að bjóða upp á fjarskiptaþjónustu. Byggir GR á því að túlka verði og skýra 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, í ljósi þessa en ekki með þeim hætti sem kærandi gerir.

## 5.

Rétt er að líta til helstu laga og reglugerðaákvæða sem gilda um álitamál máls þessa. Auk þess hefur úrskurðarnefndin haft hliðsjón af fyrri úrskurðum nefndarinnar og dómafordæmum.

Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 60. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, eru innanhússfjarskiptalagnir í byggingum, þ.m.t. aðgangspunktur í fjarskiptainntaki, á ábyrgð eiganda byggingar. Fram kemur í lokamálslið 1. mgr. 60. gr. sömu laga að Póst og

fjarskiptastofnun setji reglur um frágang aðgangspunkta (húskassa) og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

Í 3. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, skal í fjarskiptainntaki ávallt setja upp tengilista til að tengja strengenda heimtaugar við innanhússfjarskiptalögn. Heimilt er að splæsítengja heimtaug við innanhússfjarskiptalögn í fjarskiptainntaki. Sé splæsítengt í fjölbýlishúsi eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði skal leggja a.m.k. einn aukapráð innanhússfjarskiptalagnar frá inntaki hvernar íbúðar eða einingar og skal lausum aukapráðum innanhússfjarskiptalagnar komið fyrir í tengilista við fjarskiptainntak.

Sé laus þráður innanhússfjarskiptalagnar til viðkomandi notanda fyrir hendi í fjarskiptainntaki skal fjarskiptafyrirtæki tengja heimtaug við hann í stað þess að aftengja tengingu annars fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Óheimilt er að splæsítengja alla þræði hvernar íbúðar við heimtaug, sbr. 4. mgr. 7. gr. sömu reglna.

Sé enginn laus þráður í innanhússlögn þar sem splæsítenging hefur verið notuð er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Fjarskiptafyrirtæki sem aftengir skal tilkynna, með rekjanlegum hætti, því fjarskiptafyrirtæki sem fyrir var um aftenginguna eigi síðar en innan 10 virkra daga eftir að hún var framkvæmd, sbr. 5. mgr. 7. gr. sömu reglna.

## 6.

Úrskurðarnefndin vísar til umfjöllunar að framan um málsástæður og sjónarmið aðila málsins og byggir niðurstaða úrskurðarnefndarinnar í máli þessu á heildarmati á þeim, ásamt fyrirbyggjandi gögnum og lagarökum.

Samkvæmt því sem fram hefur komið í máli þessu liggur ekki fyrir staðfesting á því hve stuttur eða langur laus aukapráður innanhússfjarskiptalagnar í húseigninni að [...] í Hafnarfirði, hafi verið þegar meint brot kæranda hafi átt að eiga sér stað. Telur úrskurðarnefndin það óumdeilt í málinu að kærandi nýtti ekki lausan aukapráð við tengingu en aftengdi þess í stað tengdan þráð GR í fjarskiptainntaki húseignarinnar.

Samkvæmt því sem fram kemur í 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, skal fjarskiptafyrirtæki tengja heimtaug við lausan þráð innanhússlagnar ef laus þráður er fyrir hendi, í stað þess að aftengja tengingu annars fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Telur úrskurðarnefndin að ákvæðið sé skýrt og ótvírætt um skyldu fjarskiptafyrirtækis til að nýta lausan aukapráð sé hann til staðar og að forðast að aftengja tengingu annars fjarskiptafyrirtækis. Samkvæmt orðanna hljóðan bar kæranda því að nýta þann aukapráð sem fyrir hendi var.

Þrátt fyrir þetta ber kærandi fyrir sig að honum hafi verið ómögulegt að fylgja efnisreglu ákvæðisins sökum þess að téður aukapráður hafi verið ónothæfur.



Verður í því sambandi bæði að taka til skoðunar hvort sjónarmið kæranda séu byggð á málefnalegum grunni og hvort fjarskiptafyrirtæki beri að fylgja viðkomandi reglu PFS í öllum tilvikum og hún sé að því leyti afdráttarlaus.

Ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglnanna tekur ekki á þeirri aðstöðu sem uppi er í máli þessu, þ.e.a.s. að sá lausi aukapráður, sem fyrir hendi er, sé ónothæfur til tengingar. Í málinu kemur fram að PFS telur ekki útilokað að sú aðstaða geti komið upp að fjarskiptafyrirtæki sé ómögulegt að fylgja téðu ákvæði reglnanna, enda þótt fyrir hendi sé laus aukapráður. PFS hafi fallist á þrönga undantekningu frá reglunni í einu tilviki í hinni kærðu ákvörðun en í því tilviki hafi lausi aukapráðurinn verið skemmdur og því ónothæfur. Í málinu hefur einnig verið fjallað um hugsanlega lágmarkslengd slíks þráðar til þess að tenging sé möguleg og greinir málsaðila á um hver hún ætti að vera. Þegar af þessum ástæðum telur úrskurðarnefndin að kæra sé byggð á lögmætum sjónarmiðum og ekki sé unnt að beita ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglnanna með þeim fortakslausa hætti sem gert er af hálfu PFS hvað varðar húseignina [...] í Hafnarfirði líkt og gert er í 3. tölul. ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar. Að mati úrskurðarnefndarinnar er tilefni fyrir PFS til að endurskoða reglur stofunarinnar um innanhússfjarskiptalagnir með það að markmiði að eyða vafa um beitingu 4. mgr. 7. gr. reglnanna t.a.m. um þau tilvik þegar aukapráður er ónothæfur, hvort sem er vegna skemmda eða lengdar.

Kærandi tók fram í kæru að hann teldi koma til álita að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála nýti sér heimild samkvæmt 4. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, nr. 36/2009, í máli þessu hvað varðar mat á lengd lausra aukapráða. Telur úrskurðarnefndin að ekki sé þörf á því, einkum í ljósi þess að ekki liggur fyrir hve stuttur eða langur lausi aukapráðurinn hafi verið í húseigninni að [...] í Hafnarfirði og því telur nefndin það ekki þjóna tilgangi að kalla til sérfróðan aðila til að meta almennt lengd lausra aukapráða. Úrskurðarnefndin telur það fremur verkefni PFS við hugsanlega endurskoðun reglnanna eins og að framan greinir.

Hefur kærandi haldið því fram að hin kærða ákvörðun sé ekki í samræmi við andmælareglu 13. gr. stjórnarsýslulaga. Úrskurðarnefndin fær ekki séð að málsmeðferð hinnar kærðu ákvörðunar hafi gengið gegn andmælareglu 13. gr. stjórnarsýslulaga, enda hafi kærandi fengið að tjá sig við meðferð málsins um kvartanir í hans garð. Enn fremur var kæranda veitt færi á því að gera athugasemdir við fyrirhugaða niðurstöðu PFS sem kæranda var send hinn 10. september 2019.

Þá hefur kærandi haldið því fram að hin kærða ákvörðun sé ekki í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga, m.a. þar sem PFS hafi í hinni kærðu ákvörðun búið til eins konar vísireglu sem kærandi telur að standist ekki. Telur úrskurðarnefndin að umræddar leiðbeiningar eða vísiregla PFS feli ekki í sér brot gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga. Er það mat nefndarinnar að PFS hafi framkvæmt þá rannsókn sem þörf var á til að upplýsa mál þetta nægilega, enda hafði kærandi upplýst PFS um ástæður þess að lausi aukapráðurinn var ekki notaður.

Hvað varðar umfjöllun um nánari útfærslu svonefndrar vísireglu tekur úrskurðarnefndin fram að betur fari á því að slíkar reglur séu skriflega settar af PFS komi til endurskoðunar regnanna. Er því ekki efni til að fjalla frekar um þetta atriði.

Af öllu framangreindu samandregnu telur úrskurðarnefndin að kærandi hafi ekki gerst brotlegur við ákvæði 4. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018, með því að nota ekki lausan aukaprád í húseigninni [...] í Hafnarfirði.

Þá kemur til álita hvort kærandi hafi gerst brotlegur við 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018. Ákvæðið kveður á um að sé enginn laus þráður í innanhúslögn, þar sem splæsitinging hefur verið notuð, er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhúslögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Fjarskiptafyrirtæki sem aftengir skal tilkynna með rekjanlegum hætti því fjarskiptafyrirtæki sem fyrir var um aftengingu eigi síðar en innan 10 virkra daga eftir að hún var framkvæmd.

Kærandi telur að við þær aðstæður sem um ræðir í máli þessu verði öldungis jafnað saman að ekki sé unnt að tengja ónothæfan þráð við þá aðstöðu þegar enginn laus aukaprádur er til staðar. Því hafi kæranda verið heimilt að aftengja tengdan þráð GR á grundvelli heimildar í téðri 5. mgr. 7. gr. reglnanna. Úrskurðarnefndin telur að séu verklagsreglur óframkvæmanlegar, líkt og telja verður að eigi við um það álitaefni sem hér er fjallað um, þá beri að túlka vafa í hag þeirra sem ber að fara eftir reglunum. Röksemdir kæranda byggja því á lögætum sjónarmiðum. Hins vegar er það ljóst að ákvæði 5. mgr. 7. gr. reglnanna leggur þá skyldu á herðar því fjarskiptafyrirtæki sem aftengir tengingu annars fjarskiptafyrirtækis, að tilkynna því um aftenginguna með rekjanlegum hætti eigi síðar en innan 10 virkra daga frá því að hún var framkvæmd. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn um að þessari skyldu hafi verið sinnt af hálfu kæranda. Fyrir liggur því að kærandi braut gegn ákvæðum 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nr. 1111/2015, sbr. reglur nr. 421/2018.

Í 3. tölulið ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar er kveðið á um að kærandi hafi bæði brotið gegn 4. og 5. mgr. 7. gr. reglnanna varðandi húseignina að [...] í Hafnarfirði. Kærandi krefst þess að umrædd húseign verði felld úr ákvörðunarorðunum og krefst PFS staðfestingar þeirrar ákvörðunar. Fyrir liggur að úrskurðarnefndin telur að kærandi hafi ekki brotið 4. mgr. 7. gr. reglnanna hvað varðar hina tilgreindu húseign og að því leyti eigi upptalning á henni ekki heima í 3. tölulið ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar. Vegna uppsetningar ákvörðunarorða 3. töluliðs og kröfugerðar PFS fyrir úrskurðarnefndinni getur úrskurðarnefndin ekki staðfest 3. tölulið óbreyttan þrátt fyrir að talið sé að kærandi hafi brotið gegn 5. mgr. 7. gr. reglnanna. Þegar af þeirri ástæðu verður orðið við kröfu kæranda um að fella tilvísun er varðar húseignina að [...] í Hafnarfirði úr 3. tölulið ákvörðunarorða hinnar kærðu ákvörðunar.

Með vísun til alls framangreinds tekur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kröfu kæranda um að fella úr hinni kærðu ákvörðun tilvísun til húseignarinnar að [...] í Hafnarfirði, til greina.

Samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar greiðist málskostnaður, samtals að fjárhæð 1.550.000, úr ríkissjóði, sbr. 5. mgr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003 og 12. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, nr. 36/2009. Endurgreiða ber kæranda málskotsgjalds kr. 150.000.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

### **V. Úrskurðarorð**

**Ákvæði 3. töluliðar ákvörðunar PFS nr. 21/2019, orðist svo:**

**Míla ehf. braut gegn 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018, við framkvæmd tenginga að: [...], Reykjavík, [...], Hafnarfirði, [...], Hafnarfirði, [...], Kópavogi, [...], Reykjavík, [...] Hafnarfirði og [...], Kópavogi.**

**Málskostnaður að fjárhæð 1.550.000 kr. greiðist úr ríkissjóði. Kæranda skal endurgreitt málsskotsgjald að fjárhæð kr. 150.000 kr.**

Reykjavík, 28. apríl 2020

Pórður Bogason  
(sign.)

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir  
(sign.)

Kirstín Þ. Flygenring  
(sign.)